

Fundur 6. nóvember 2006

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps

mánudaginn 6. nóvember 2006 kl.: 15:00.

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Björn Samúelsson, Ingvar Samúelsson, Gúsaf Jökull Ólafsson, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Hilmar Þór Hafsteinsson, Eygló Kristjánsdóttir og Óskar Steingrímsson sem fundarritari. Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður að stærð.

Gústaf Jökull setti fund og bauð menn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerðir kennarafunda.

Fundargerð 26. okt. 2006 lesin upp.

Fundargerð 1. nóv. 2006 lesin upp.

2. Umsókn um skólavist fyrir nemanda frá Kópavogi.

Farið var yfir göng sem fyrir lágu varðandi nemandann.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að hafna umsókninni.

3. Umsókn um skólavist fyrir nemanda frá Reykjanesbæ.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að veita nemandanum skólavist.

4. Önnur mál löglega upp borin, ef einhver.

a) Umfjöllun um félagsmál skólans.

Hilmar skýrði frá því að hluti nemenda kæmi í heimsók í skólann eftir skólatíma til félagsstarfa, borðtennis, tölvur og fleira. Spurningin er hvort hægt sé að koma upp vísi að félagmiðstöð fyrir börnin í skólanum, t.d. frá kl. 17:00 til 18:30. Ákveðið að Eygló og Björn með stuðningi Hilmars ræði þá möguleika sem finnast.

b) Mötuneyti skólans.

Hilmar skýrði frá ákveðnum annmörkum á rekstri mötuneytisins í haust.

Spurning um að fá næringarsérfræðing til ráðagerðar og einnig eru tæki eldhúsins orðin gömul og úreld. Ný eldhústæki verða rædd í gerð komandi fjárhagsáætlunar.

Hilmar mun ræða við matráð um næringarfræðing.

c) Fyrirspurn um stuðningsfulltrúa.

Hvenær fara stuðningsfulltrúar í fæðingarorlof og hver kemur

í staðinn. Tveir stuðningsfulltrúarnir fara í fæðingarorlof um áramótin.

Þörf fyrir afleysingu er óviss sem stendur.

d) Tónlistarkennsla.

Ingvar spurðist fyrir um tónlistarkennslu og hvort eitthvað væri unnið í þeim málum.

Búið er að ræða við tónlistarskólann í Búðardal um samstarf en þeir eru ekki

aflögufærir sem stendur. Fyrirspurnir hafa borist erlendis frá um

tónlistakennarastörf en ekkert fast í hendi og launakröfur frekar háar. Ákveðið að

ræða við sóknarnefndir í Saurbæ og á Reykhólum um hugsanlegt samstarf. Ingvar tekur að sér ásamt Óskari að ræða við sóknarnefndirnar.

Hilmar og Björn víkja af fundi 16:25.

e) Leikskólamál.

Ingvar spurði hvað hefði gerst í tiltekt og lagfæringum á leikskólalóð sbr. fund 1. ágúst s.l. Gústaf lýsti því sem búið er að gera. Ákveðið að funda með starfsmönnum leikskólans og foreldrafélaginu og ákveða hvað þarf að gera næst og hvernig skuli staðið að því. Fundinn skal boða fyrir 15. nóv. n.k.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kr. 17:13.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (sign)

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Ingvar Samúelsson (sign)

Eygló Kristjánsdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)